



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Aðstoðarmaður Skipulags- og byggingafulltrúa
Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 10. maí 2023
MÍ202304-0038/ 6.09 / S.G.

Umsögn um aðal- og deiliskipulagsbreytingu á Röndinni á Kópaskeri

Með tölvupósti sendum 4. apríl 2023 óskaði Sigurdís Sveinbjörnsdóttir aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna fiskeldis á Röndinni á Kópaskeri, meðfylgjandi voru deiliskipulagsuppdráttur dagsettur 10. mars sl. og tillaga að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 dagsett 16. mars 2023.

Deiliskipulagsuppdráttur sem sýndi sömu stækkun á skipulagssvæðinu kom inn til umsagnar stofnunarinnar í fyrra, sjá umsögn dagsetta 5. desember 2022 (MÍ202211-0001/ 6.09 / S.G.). Fornleifaskráning frá 2019 náði ekki yfir stækkunina, sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttur. *Röndin á Kópaskeri: Deiliskráning vegna hugmynda um uppbyggingu fiskeldis*. Fornleifastofnun Íslands FS 752-19161, Reykjavík 2019. Minjavörður fór því á svæðið þann 29. nóvember sl. til að meta þörf á frekari skráningu í samræmi við 4. gr. Reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda en þar segir: „Minjastofnun Íslands mun þá kanna aðstæður á skipulagssvæðinu, t.d. með úttekt á vettvangi. Minjastofnun Íslands leggur mat á hvort þörf sé að afla frekari gagna, m.a. með skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja svo veita megi faglega umsögn.“

Engar minjar fundust á reitnum við vettvangskönnun minjavarðar og er ekki þörf á frekari fornleifaskráningu á svæðinu. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðal- og deiliskipulagi.

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun